**Styttur einkunnastigi fyrir mat á ferskleika hrárra fiskflaka eins og þorsks (magur fiskur)**

| Gæðaþáttur | Lýsing | Stig |
|---|---|---|
| ***Litur, tærleiki*** | Hvítur, eins og gagnsær, jafnvel bláleitur | **0** |
| | Aðeins gulleitur, ógagnsær, aðeins mjólkurlitaður | **1** |
| | Gulleitur, mjólkurlitaður | **2** |
| ***Lykt*** | Fersk sjávarlykt, hlutlaus | **0** |
| | Graslykt, dauf fiskilykt, en engin óeðlileg lykt | **1** |
| | Súr, súr mjólk, siginn fiskur, harðfiskur, ediksýra, úldin | **2** |
| ***Áferð*** | Stinnt, hold réttir sig undan fingri | **0** |
| | Fremur lint, hold réttir sig hægt | **1** |
| | Mjög lint, hold réttir sig ekki | **2** |
| ***Los*** | Óverulegt los, ein sprunga langsum í hnakkastykki, | **0** |
| | Nokkuð los, í 25-75% flaksins | **1** |
| | Djúpar sprungur eða nokkuð los í meira en 75% flaksins | **2** |
| **Ferskleikastuðull (0-8)** | **Summa:** | |

Gefin eru stig fyrir hvern gæðaþátt samkvæmt lýsingum í töflu. Stigin eru svo lögð saman, en heildarsumma stiganna getur mest verið átta. Ef summa stiga er á bilinu 5-8 er flakið líklega óhæft til neyslu. Þumalputtareglan er að ef núll eða eitt stig er gefið fyrir alla gæðaþætti eru gæði flaksins í lagi.